

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ástriðar Þórarins- 211
dóttur frá Þykkvabæ“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. okt.
29. október 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ástriðar Þórarinsdóttur frá Þykkvabæ.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ástriðar Þórarinsdóttur frá Þykkvabæ.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlátum eigum Ástriðar Þórarinsdóttur, samkvæmt arfleiðsluskrá hennar, dags. 18. des. 1939.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 321.89 — tuttugu og fimm þúsund þrjú hundruð tuttugu og ein 89/100.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en vöxtunum skal verja samkvæmt skipulagsskrá þessari eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vernda og prýða heimagrafreitinn í Þykkvabæ I í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Sóknarpresturinn í Kirkjubæjarklaustursprestakalli, og skal hann vera formaður stjórnarinnar, oddviti Kirkjubæjarhrepps og ábúandi Þykkvabæjar I.

8. gr.

Stjórnin hefur á hendi reikningsfærslu sjóðsins. Reikningurinn nær yfir almanaksárið og skal árlega sendur endurskoðendum hreppsreikninga Kirkjubæjarhrepps til athugunar. Stjórnin heldur gerðabók og skulu í hana færðar allar fundargerðir, ályktanir og bréf, er hún ritar viðkomandi sjóðnum, svo og reikningar sjóðsins. Hún varðveitir og öll bréf hans og önnur skjöl, er hann snerta.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Kirkjubæjarklaustri, 10. okt. 1952.

Gísli Brynjólfsson.

Valgerður Helgadóttir.

Siggeir Lárusson.